REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skipun starfsgreinaráða nr. 475/2001.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr.:
Stafliður m orðist svo:
Fjármála- og verslunargreinum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 5. gr.:
1) 9. mgr. orðist svo:
Starfsgreinaráð rafiðngreina: 3 fulltrúar tilnefndir af Rafiðnaðarsambandi Íslands og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði.

2) 11. mgr. orðist svo:
Starfsgreinaráð uppeldis- og tómstundagreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 2 fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og 1 fulltrúi tilnefndur af félagsmálaráðuneytinu.

3) 14. mgr. orðist svo:
Starfsgreinaráð snyrtigreina: 1 fulltrúi tilnefndur af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra snyrtifræðinga.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 1. október 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

Nr. 747 1. október 2003

REGLUR

um afnám reglna um veitingu réttinda í snyrtifræði nr. 364, 20. júní 1996.

1. gr.

Felldar eru úr gildi reglur nr. 364, 20. júní 1996, um veitingu réttinda í snyrtifræði.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 1. október 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.